

Sérnám í geðlækningum á Landspítala

Marklýsing sérnáms í geðlækningum á geðsviði
Landspítala

Ábyrgðarmenn:
Nanna Briem yfirlæknir og kennslustjóri,
Engilbert Sigurðsson yfirlæknir og prófessor
21. mars 2017

Sérnám í geðlækningum

Geðlækningar eru sú sérgrein læknisfræðinnar sem fjallar um geðsjúkdóma fullorðinna. Geðsvið Landspítala hefur boðið upp á skipulagt sérnám í geðlækningum nær samfellt í meira en aldarfjórðung. Núverandi sérnámsprógramm hefur verið í þróun allt frá 1. janúar 2003. Nám til sérfræðiréttinda í geðlækningum tekur minnst 60 mánuði. Sérnámslæknar eru hvattir til að afla sér reynslu og þekkingar erlendis hluta námstímans en geta valið að ljúka námi hér á landi.

Umsjón með sérnáminu: Skipulagning, framkvæmd og umsjón sérnámsins er í höndum kennsluráðs sérnámsins á geðsviði Landspítala. Í því sitja á hverjum tíma kennslustjóri, prófessor í geðlækningum, umsjónarlæknir deildarlækna á geðsviði, fulltrúi sérnámslækna á geðsviði og yngri sérfræðilæknir tilnefndur af Félagi íslenskra geðlækna.

Að verða námslæknir í sérnámi í geðlækningum á geðsviði LSH:

Umsókn um þátttöku í sérnámi í geðlækningum: Umsóknir berist til prófessors í geðlækningum. Í kjölfarið fara fram inntökuvíðtöl með prófessor og kennslustjóra. Í viðtalinu er m.a. leitast við að kanna áhuga og afstöðu umsækjandans varðandi geðlækningar og geðsjúkdóma.

Inntökuskilyrði: Áður en þátttaka í sérnáminu hefst er ætlast til að einstaklingur með próf frá læknadeild H.Í. eða sambærilegri erlendri læknadeild hafi lokið kandídatsári og að hlutaðeigandi sé kominn með íslenskt lækningaleyfi.

Samningur um sérnám: Námslæknir og stjórnendur sérnámsins gera með sér formlegan námssamning þegar námslæknir hefur þátttöku sína í prógramminu.. Námslæknir er jafnframt ráðinn til starfa á geðsviði og gerður er ráðningasamningur í samræmi við það. Framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum samþykkir jafnframt samninginn með tilvísun í 5. mgr., 8. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi

Starfshlutfall í sérnámi: Sérnám í geðlækningum miðast við að læknir sé í 100% starfshlutfalli og taki fullan þátt í vöktum deildarlækna geðsviðs á meðan á sérnámi stendur. Hægt er að óska eftir undanþágu undir ákveðnum kringumstæðum (sjá nánar í kafla um framvindu náms), með tilvísan í 8. gr. reglugerðar nr. 467/2015, og viðurkennd erlend viðmið (www.RCPsych.org).

Uppbygging sérnámsins:

Um er að ræða 5 ára starfsnám á geðsviði Landspítala í auglýstum námsstöðum. Sérnámið byggir á reglubundinni viðveru og klínískri vinnu á starfsstöðvum geðsviðs, þátttöku í fundum, teymisvinnu, námsskeiðum og annari hliðstæðri starfsemi á sviðinu og í tengslum við sérnámið, á þátttöku í vöktum námslækna og skipulagðri menntun samkvæmt námsáætlun. Gert er ráð fyrir sjálfsnámi utan dagvinnutíma. Framganga í sérnáminu er metin að lágmarki árlega á skipulögðum matsfundi með handleiðara, kennslustjóra og

prófessor í geðlækningum þar sem skráning á klínískri færni í loggbók, niðurstöður prófa og frammistöðumat eru meðal þeirra þátta sem lagðir eru til grundvallar. er lagt til grundvallar.

Á námstímanum starfar námslæknir á mismunandi starfsstöðvum. Æskilegt er að þar af séu a.m.k. 12-18 mánuðir móttökugeðdeildastarf, gjarna á tveimur tímabilum með mismikilli ábyrgð í samræmi við framgang í sérnáminu, 6-12 mánuðir í göngudeild og bráðamóttöku, 4 mánuðir á bráðageðdeild, 4 mánuðir á fíknigeðdeild og 6-12 mánuðir á endurhæfingargeðdeildum eða í samfélagsteymi eða snemmíhlutun fyrir geðrofssjúka.

Gert er ráð fyrir að á fyrstu 2 árum sérnámsins kynnist námslæknir grunnatriðum geðlæknisfræðinnar m.t.t. sjúkdóma og sjúkdómaflokka, eðlis þeirra og orsaka, greiningar, meðferðar, úrræða, siðfræði og fagmennsku í námi og starfi. Á þessum tíma vinnur sérnámslæknirinn í nánú samstarfi við klíníska handleiðara sína og aðra sérfræðinga.

Á næstu 2 árum eykst ábyrgð á meðferð og eftirfylgd sjúklinga jafnt og þétt eftir því sem reynsla og hæfni námslæknis eykst, samhliða því sem leitast er við að verða við óskum námslækna um aukna sérhæfingu með hliðsjón af áhugasviði. Á þessum tveimur árum eru námslæknar sérstaklega hvattir til þátttöku í rannsóknavinnu.

Á fimmta og síðasta árinu í sérnáminu starfar sérnámslæknir að miklu leyti sjálfstætt, þótt hann njóti áfram handleiðslu. Leiðir þá gjarnan eigið teymi á deild í samvinnu við viðkomandi yfirlækni og tekur gjarnan þátt í kennslu yngri námslækna og læknanema,

Markmið sérnámsins

- Að námslæknir öðlist góða og yfirgripsmikla þekkingu á geðsjúkdómum fullorðinna; á orsökum, einkennum, faraldsfræði, gangi og horfum.
-
- Að námslæknir öðlist góða og yfirgripsmikla þekkingu á meðferð geðsjúkdóma fullorðinna og eftirfylgd þeirra – líffræðilegri meðferð, samtalsmeðferð og sálfélagslegri meðferð, og einnig færni til að beita meðferð í klínísku starfi.
-
- Að námslæknir geti með viðtölum og annarri gagnaöflun aflað fullnægjandi upplýsinga um sjúkrasögu og aðra þætti sem máli skipta til rökstuddrar sjúkdómsgreiningar og framkvæmt geðskoðun á sjúklingum með margþættar geðraskanir. Einnig að námslæknir verði fær um að leggja mat á og skrá sögu og geðskoðun með fullnægjandi hætti.
-
- Að námslæknir geti lagt mat á líkamlegt ástand sjúklings, framkvæmt líkamsskoðun og metið þörf á áframhaldandi uppvinnslu og tengslum líkamlegra einkenna við geðröskun.
-
- Að námslæknir geti sett fram í hnotskurn helstu einkenni og áhrif þeirra á þróun geðheilsuvanda sjúklingsins út frá lífshlaupi og aðstæðum (formulation) með viðeigandi mismunagreiningum.
-
- Að námslæknir geti komið með tillögur að viðeigandi uppvinnslu og sett fram ítarlega meðferðaráætlun sem tekur til líffræðilegra, sálrænna og félagslegra þátta.

-
- Að námslæknir geti gert áhættumat, sem tekur til sjálfsskaða, sjálfsvígshættu og hættu á að skaða aðra. Að námslæknir geti brugðist við með árangursríkum hætti til að draga úr áhættu í bráðum tilfellum og í forvarnarskygni.
-
- Að námslæknir geti byggt upp meðferðarsamband við sjúklinga og viðhaldið því. Að námslæknir geti notað grunnþætti samtalsmeðferða sem byggja á hugrænni atferlismeðferð og psychodynamískri samtalsmeðferð í meðferðarviðtölum við sjúklinga og samþætt við almenna meðferð, eins og líffræðilegar- og félagslegar íhlutanir.
-
- Að námslæknir geti metið og meðhöndlað á skilvirkan hátt sjúklinga með langvinnar og alvarlegar geðraskanir.
-
- Að námslæknir geti átt árangursrík samskipti við sjúklinga, aðstandendur og samstarfsaðila. Að námslæknir geti leitt viðtöl með slíkum hætti að það auðveldi upplýsingasöfnun og myndun meðferðarsambands.
-
- Að námslæknir geti veitt sjúklingum og aðstandendum viðeigandi upplýsingar og fræðslu á árangursríkan hátt.
-
- Að námslæknir þekki grundvallaratriði fjölskylduvinnu og mikilvægi samstarfs við aðstandendur og noti þá þekkingu í daglegu starfi.
-
- Að námslæknir þekki vel gildandi lögræðislög, einkum þá þætti er lúta að nauðungarvistun og lögræðissviptingu (svipting sjálfræðis og/eða fjárræðis) og kunnir að beita þeim í klínísku starfi. Að námslæknir sé meðvitaður um og vakandi fyrir þeim siðferðislegu álitamálum sem tengjast nauðung í meðferð.
-
- Að námslæknir þekki teymisvinnu og sé fær um að vinna í og leiða teymi.
-
- Að námslæknir geti unnið á faglegan og skilvirkan máta með fjölbreyttum hópi samstarfsaðila, bæði innan og utan geðsviðs. Öðrum læknum og fagstéttum bæði innan geðsviðs sem utan þess, við aðrar heilbrigðisstofnanir, heilsugæsluna og mismunandi stofnanir samfélagssins svo sem félagsþjónustuna, dómsvaldið, almannatryggingar, með sjúklingasamtökum og aðstandendahópum.
-
- Að námslæknir þrói með sér hæfni til stjórnunar á sérnámstíma sínum.
-
- Að námslæknir þrói með sér getu og hæfileika til skipulagningar og lausnamiðaðrar nálgunar.
-
- Að námslæknir þrói með sér færni til að kenna, meta og hrósa og geti beitt jákvæðri styrkingu í daglegu starfi.
-
- Að námslæknir öðlist reynslu af kennslu og þjálfun læknanema og líti á það sem hluta af starfi sínu.
-
- Að námslæknir sé fær um að semja og halda skipulagðan fyrirlestur þannig að efnið komist vel til skila, fyrir aðra lækna og aðrar fagstéttir en einnig fyrir almenning.Að

námslæknir öðlist grunnþekkingu á rannsóknum og siðfræði rannsókna og færni í gagnrýnni hugsun. Hann geti lesið vísindagreinar með gagnrýnu hugarfari, áttað sig á vanköntum rannsóknarsniða og dregið þær ályktanir sem gögn og rannsóknir gefa tilefni til.

- Að námslæknir geti nýtt gagnreynda læknisfræði til að leggja mat á fræðilegan grunn ólíkra meðferðar og meðferðarúrræða.
- Að námslæknir komi ávallt fram af fagmennsku. Hann þekki réttindi sjúklinga og aðstandenda, geti sett sér og öðrum viðeigandi mörk og geti farið yfir og rætt siðfræðileg álitafni við samstarfsfólk og handleiðara.
- Að námslæknir temji sér ævilanga símenntun og sjálfsrýni.

Helstu þættir sérnámsins:

I. SKIPULÖGÐ FRÆÐSLUDAGSKRÁ

Tveir heilir sérnámsdagar í mánuði

Fyrsta og þriðja hvern föstudag í mánuði er heill dagur ætlaður til sérnáms. Farið er yfir helstu þætti geðlæknisfræðinnar og boðið upp á hóphandleiðslu í samtalsmeðferð. Námið fer fram með fyrirlestrum, umræðum, vettvangsferðum og hópvinnu. Sérfræðilæknar, námslæknar og aðrir fagaðilar halda fyrirlestra, stýra og taka þátt í umræðum.

Mætingarskylda er í prógrammið á þessum námsdögum fyrir námslækna. Þeir sem mæta í kennsluna daginn eftir bundna næturvakt fá frídag á móti.

Námið fer fram í kennslustofu göngudeildar Klepps, fyrsta og þriðja föstudag hvers mánaðar (sumarleyfi í júlí og ágúst), frá kl. 9-16.

II. KLÍNÍSK VINNA

Á námstímanum kynnast námslæknar og fá þjálfun í eftirfarandi:

Greiningu og meðferð á bráðum geðrænum vanda í starfi með sérfræðilæknum á almennum móttökudeildum (32A, 33C), bráðageðdeild (32C), bráðamóttöku geðdeildar, og við að takast á við bráð geðræn veikindi á Hringbraut og í Fossvogi á vöktum.

Almennri göngudeildarvinnu, með greiningarvinnu, þátttöku í teymisvinnu, skipulagningu meðferðar og eftirfylgd.

Endurhæfingu langveikra með alvarlega geðsjúkdóma á endurhæfingardeildum geðsviðs á Kleppi og í samfélagsgeðteymi á Reynimel 55, þar sem áhersla er á nákvæma uppvinnslu og greiningu, skipulag og eftirfylgd langtímameðferðar, þverfagleg vinnubrögð og teymisvinnu.

Greiningu og meðferð á fíknivanda með vinnu á fíknigeðdeild (33A) og samvinnu við göngudeild fíknigeðdeildar, dagdeild (Teig) og með samvinnu við SÁÁ.

Námslæknar hefja oftast nær störf á almennum móttökudeildum á Hringbraut þótt undantekningar geti verið frá þeirri meginreglu.

Á þriðja og fjórða ári námstímans þegar starfsreynsla námslækna hefur aukist hafa sérnámslæknar tækifæri til að kynnast nánar sérhæfðari meðferðarúrræðum eins og snemmíhlutun á Laugarásnum á Laugarásvegi 71. Sú deild sinnir ungu fólki með geðrofssjúkdóma á byrjunarstigi í samvinnu við fjölskyldur þeirra, Samfélagsgeðteyminu á Reynimel 55, ráðgjafabjónustunni á Landspítala Fossvoginum, átröskunarteyminu og DAM meðferð á Hvítabandinu, réttargeðlækningum og barna- og unglingageðlækningum.

III. HANDLEIÐSLA

Almenn handleiðsla:

Vikuleg handleiðsla skal vera í 45-60 mínútur í senn hjá handleiðara, sem fylgir námslækni gegnum námsþrógrammið.

Handleiðslan snýst um þróun og þroska í starfi, samskipti við sjúklinga og starfsfólk, og handleiðslu tengda greiningu, meðferð og endurhæfingu sjúklinga sem eru í göngudeildarmeðferð hjá námslækninum auk sjúklinga sem læknirinn sinnir á deildum og sér á vöktum. Einnig er handleiðslan vettvangur til að ræða starfsþróun, möguleika á sérhæfingu og rannsóknum, gæðaverkefnum, þróun þjónustu og sérnáms og fara yfir þau vandamál sem upp kunna að koma í starfi.

Almennur handleiðari ræðir eða fer að minnsta kosti mánaðarlega yfir skráningu í loggbók námslæknis.

Klínísk handleiðsla:

Handleiðsla og ráðgjöf hjá sérfræðingi/yfirlækni á þeirri deild sem unnið er á hverju sinni. Þessi handleiðsla snýst einkum um daglega klíníska vinnu.

Handleiðslan fer fram jafnóðum í starfi með ýmsum hætti; beinum samtölum við handleiðara, með því að sest er niður og tiltekin mál rædd, með því að handleiðari fylgist með afmörkuðum störfum námslæknis eða lesi yfir og ræði skráð sjúkragögn námslæknis við hlutaðeigandi. Nær allir sérfræðingar geðsviðs hafa tekið þátt í námskeiði Royal College of Physicians um klíníska handleiðslu.

Námstengd handleiðsla (*educational supervision*)

Árlega, í maí, eru haldnir fundir námslæknis með kennslustjóra, prófessor og handleiðara þar sem farið er yfir framgang hans í sérnáminu. Endurgjöf frá samstarfsfólki og klínískum handleiðurum, loggbók og sjálfsmat námslæknis er lögð til grundvallar. Styrkleikar námslæknis eru skoðaðir ásamt því sem betur má fara, væntingar ræddar og lögð áætlun um næstu skref í náminu (sjá nánar í kafla um mat á framgangi og frammistöðu).

Námslæknar í námsþrógrammi geðsviðs LSH vinna í mikilli nálægð við sérfræðilækna sviðsins, handleiðara sína og stjórnendur kennslunnar og því fer mikil óformleg handleiðsla og umræða einnig fram í daglegu starfi.

IV. NÁM Í SAMTALSMEDFERÐ

Hugræn atferlismeðferð

Tveggja ára nám í hugrænni atferlismeðferð (HAM). Markmiðið er að námslæknir tileinki sér undirstöðuatriði meðferðarinnar og verði fær um að nota hana markvisst í klínískum störfum.

Grunnhættir í hugrænni atferlismeðferð (HAM) eru kenndir á sérnámsdögum námslækna. Boðið er upp á hóphandleiðslu fyrir námslækna með sjúklinga í HAM-meðferð. Ætlast er til að innan hálfis árs eftir að námslæknir hóf sérnám taki námslæknir eigin sjúkling í hugræna atferlismeðferð.

Kröfur: Á þessum 2 árum þarf að skila tveimur meðferðarskýrslum, sitja með í a.m.k. einum HAM-hóp, sækja alla fyrirlestra um hugræna atferlismeðferð á sérnámsdögum og vera að auki með a.m.k. 80% mætingu í handleiðslunni.

Þegar námslæknir hefur lokið grunnhluta námsins, þ.e. tveggja ára prógramminu, og uppfyllt þær kröfur sem þar eru gerðar, geta sérnámslæknar fengið frekari dýpkun eða sérhæfingu í notkun hugrænnar atferlismeðferðar. Einnig styrkir geðsvið námslækna sem hafa hug á að sækja sérnám í hugrænni atferlismeðferð á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands.

"Psychodýnamísk" samtalsmeðferð

Tveggja ára kennsluprógramm í „psychodýnamískri“ samtalsmeðferð. Markmið námsins er að námslæknir þekki grunnatriði og helstu hugtök í fræðunum og meðferðinni og geti nýtt sér þau í klínískri vinnu og í samskiptum við sjúklinga, aðstandendur og aðra fagaðila.

Kennsla ásamt handleiðslu fer fram á sérnámsdögum námslækna. Nemendur geta tekið upp mál í handleiðslunni, þó viðkomandi sé ekki með sjúkling í eiginlegri „psychodýnamískri“ meðferð.

V. ÞÁTTTAKA Í KENNSLU OG FRÆÐSLU

Þátttaka í föstudagsfræðslu lækna á geðsviði og fræðslufundum Læknaráðs. Á föstudagsmorgnum frá 08-08:45 er fræðslufundur geðlækna á geðsviði, nema þegar fræðslufundur Læknaráðs er haldinn mánaðarlega. Ætlast er til að deildarlæknar séu með fræðsluerindi á þessum fundum tvisvar til þrisvar sinnum á námstímanum.

Klínískir fundir deildarlækna. Mánaðarlega eru námslæknar með tilfella fundi fyrir lækna geðsviðs. Námslæknar kynna sjúkratilfelli á kerfisbundinn hátt, fræða áheyrendur og og hvetja til umræðu

Ætlast er til að deildarlæknar taki **virkan þátt í klínískri kennslu læknanema.**

Þátttaka í hermíþjálfun á vegum geðsviðs. Hermíþjálfun byggir á því að settar eru upp aðstæður sem líkjast því sem starfsfólk þarf að takast á við í daglegum störfum sínum. Lögð er áhersla á samvinnu, samskipti og teymisvinnu.

Önnur virk þátttaka í menntun deildarlækna þar sem við á.

VI. ÞÁTTTAKA Í ERLENDUM NÁMSKEIÐUM OG RÁÐSTEFNUM

Á ári hverju býðst námslæknum viku námsleyfi með ráðstefnugjaldi og flugfargjaldi til að sækja erlendar (og innlendar) ráðstefnur eða námskeið. Námslæknar hafa einnig val um að nýta þennan námsleyfisstyrk til að niðurgreiða þjálfun í samtalsmeðferð sem fer fram utan Landspítala

VII. RANNSÓKNARVINNA

Námslæknar eru hvattir til þátttöku í vísindastarfi, einkum á seinni þremur árum sérnámsins. Slíka vísindavinnu má viðurkenna til sérnáms að hluta eða allt að eins árs í aðalgrein samkvæmt reglugerð nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Í boði er rannsóknarvinna til meistara- eða doktorsgráðu við Læknadeild auk fræðslu um skipulagningu rannsókna, safngreiningar, möguleika á rannsóknum á þjónustu, gæðaverkefnum og ritun fræðigreina. Námslæknar sem taka þátt í vísindastarfi sem felur ekki í sér klíniska vinnu þurfa að vera meðvitaðir um mikilvægi þess að viðhalda klínískri færni á sama tíma. Á meðan á slíku starfi stendur er því æskilegt að þeir hafi einhverjar klínískar skyldur svo sem afmörkuð verkefni í göngudeild og þátttöku í vöktum deildarlækna.

Mat á framgangi og frammistöðu:

Loggbók

Loggbók gefur námslækni yfirsýn yfir þá færni sem hann þarf að tileinka sér og hvaða námsþættir það eru sem hann á eftir að ná tökum á. Allir námslæknar eiga að halda úti loggbók og fylla í hana reglulega. Að minnsta kosti einu sinni í mánuði ræðir námslæknir og/eða fer yfir loggbókina ásamt handleiðara sínum. Mánaðarlega að lágmarki fer námslæknir yfir loggbókina ásamt handleiðara. Loggbókin er ásamt öðrum þáttum (sjá að neðan) lögð til grundvallar í mati á framgangi í árlegum matsviðtölum (sjá að neðan).

Próf

– **PRITE-prófið**

Psychiatric Resident In-training Examination: árlegt bandarískt stöðupróf fyrir lækna í sérnámi í geðlækningum sem sérnámsprógram geðsviðs hefur fengið leyfi til að taka þátt í. Um er að ræða fjölvalspróf, þar sem prófað er úr öllum þáttum geðlæknisfræðinnar og að auki úr grunnvísindum tengdum miðtaugakerfinu og

taugalækningum. Prófið er haldið árlega, yfirleitt í byrjun október og tekur heilan dag. Með niðurstöðum prófsins fæst samanburður við námslækna í Bandaríkjunum en vegna smæðar prógrammsins hér getum við ekki fengið innri samanburð. Prófið nýtist sérnámsprógrammi okkar fyrst og fremst sem mælitæki fyrir deildarlækna til að meta eigin árangur og til að fylgjast með framförum á einstökum sviðum, en er einnig hjálplegt fyrir forstöðumenn námsprógrammsins til að leggja mat á styrkleika og veikleika prógrammsins borið saman við prógrömm í BNA.

Deildarlæknar í sérnáminu þreyta prófið árlega í október. Niðurstöður berast í lok ársins til kennslustjóra sem kemur þeim áfram til deildarlækna.

– **Munnlegt stöðvapróf**

Árlega er haldið munnlegt OSCE-próf (Objective Structured Clinical Examination) fyrir námslækna að vori, oftast í maí. Skiptist það í fjórar stöðvar. Á hverri stöð er lagt fyrir sjúkratilfelli og spurt fyrirfram skilgreindra spurninga í tengslum við greiningu, meðferð og eftirfylgd eða endurhæfingu eftir atvikum. Einkunnagjöf er einföld: Staðið – fallið.

Mat handleiðara og endurgjöf frá samstarfsfólki

Á hverju ári fylla handleiðarar út staðlað matsblað, þar sem umsögn er gefin um ákveðna mikilvæga þætti í klínískri vinnu og framkomu námslæknis. Mat þetta byggir á samtölum handleiðara við samstarfsaðila og klíníska handleiðara námslæknis.

Sjálfsmat námslæknis

Árlega þarf deildarlæknir að svara spurningum á formlegu matsblaði varðandi eigin styrkleika og veikleika, kosti og galla námsins og hvert viðkomandi stefnir.

Árlegur matsfundur:

Að vori, að loknum munnlegum prófum fer fram formlegt mat á framgangi námsins. Er þá námslæknir boðaður til matsfundar ásamt kennslustjóra, prófessor í geðlækningum og almennum handleiðara.

Farið er yfir stöðu og framvindu sérnámsins hjá viðkomandi námslækni. Til grundvallar eru lagðir þeir þættir sem taldir eru upp hér að ofan í kaflanum um mat á framgangi og frammistöðu. Styrkleikar námslæknis eru skoðaðir ásamt því sem betur má fara, væntingar ræddar og lögð skrifleg áætlun um næstu skref í námi og starfsþjálfun.. Í áætluninni kemur fram hverju námslækni hefur lokið, hvað hann á eftir, hvert hann stefnir næstu 12 mánuði, sérstakar þarfir ef við á og lengd námstímans.

Framvinda náms:

Hlutastörf

Sérnám í geðlækningum miðast við að læknir sé í 100% starfshlutfalli og taki fullan þátt í vöktum deildarlækna geðsviðs á meðan á sérnámi stendur. Hægt er að óska eftir

undanþágu undir ákveðnum kringumstæðum til dæmis vegna langvinnra veikinda eða rannsóknavinnu (sbr. ákvæði reglugerðar nr. 467/2015). Sé starfshlutfall minna en 100% þá lengist lágmarksnámsstíminn þannig að heildarnámstími samsvari að lágmarki 60 mánuðum í fullu starfi. Námskröfur eru þær sömu og væri viðkomandi í fullu starfi og þátttaka í vöktum deildarlækna miðast við starfshlutfall.

Þegar námsframvinda er ófullnægjandi. Námslæknar í sérnámsprógrammi geðsviðs LSH vinna í mikilli nálægð við sérfræðinga sviðsins, handleiðara sína og stjórnendur kennslunnar. Ófullnægjandi námsframvinda verður því fljótt sýnileg og fyrir vikið á að vera gerlegt að bregðast fljótt við slíkum vanda. Í fyrstu er tekist á við vandann í vikulegum samtölum almenns handleiðara og námslæknis, með skýrri markmiðssetningu og eftirfylgni en einnig er hægt að beita öðrum úrræðum svo sem auknum stuðningi í klínísku starfi, tímabundnum breytingum á starfsskyldum námslæknis, aukinni eða breyttri handleiðslu og reglulegum viðtölum við prófessor/kennslustjóra.

Á árlegum matsfundi sem fram fer í maí ár hvert er farið yfir framganginn í sérnáminu á síðustu 12 mánuðum (sjá kafla um mat á frammistöðu og framgöngu) og áætlun lögð um næstu skref. Ef fyrri íhlutanir hafa skilað árangri er byggt á þeirri reynslu, ef ekki eru aðrir möguleikar skoðaðir. Gerð er áætlun fyrir næstu mánuði um úrlausnir og eftirfylgni fer almennt fram hjá handleiðara. Í alvarlegri málum, til dæmis ef fyrri áætlanir um úrlausnir skila ekki tilætluðum árangri er matsfundur haldinn að nýju eftir 3-6 mánuði. Hægt er að grípa til þess að lengja sérnámstímann þar sem við á.

Ef upp koma atvik tengd námslækni sem taka þarf á eru handleiðari, kennslustjóri og prófessor upplýstir um það. Það fer síðan eftir alvarleika atviksins/málsins til hvaða úrlausna er gripið. Flest mál eru leyst hjá handleiðara, en í erfiðari eða alvarlegri málum koma prófessor og/eða kennslustjóri einnig að málum. Sem dæmi um íhlutanir má nefna aukna handleiðslu, aukinn stuðning í daglegu starfi og viðtöl við kennslustjóra/prófessor.

Lenging á námstíma. Fjarvistir úr sérnáminu aðrar en námsleyfi geta haft áhrif á framgöngu í sérnáminu. Ef námslæknir hefur verið fjarverandi í meira en 14 vinnudaga á 12 mánaða tímabili þarf að skoða það sérstaklega með tilliti til mögulegrar framlengingar á námstíma. Ef framvinda námslæknis er ófullnægjandi er hægt að grípa til þess ráðs að lengja sérnámstímann þar sem við á. Er það þá sameiginleg ákvörðun prófessors, kennslustjóra og handleiðara. Námslæknir sem þarf að lengja námstíma sinn í sérnáminu á þennan hátt getur skriflega og með rökstuðningi óskað eftir endurskoðun á þeirri ákvörðun.

Brottvísun úr námsprógrammi. Ef endurteknar íhlutanir og áætlanir til að bæta framvindu námslæknis í sérnámsprógramminu skila ekki árangri getur þurft að vísa námslækni úr námsprógramminu. Er það þá sameiginleg ákvörðun prófessors, kennslustjóra og handleiðara. Þurfi að beita þeirri úrlausn á námslæknir samt sem áður möguleika á því að snúa aftur í námsprógrammið síðar ef forsendur eru breyttar, til dæmis ef námslæknir vegna veikinda gat ekki sinnt náminu en er nú með betri heilsu. Námslæknir sem missir stöðu sína í námsprógramminu á þennan hátt getur skriflega og með rökstuðningi óskað eftir endurskoðun á ákvörðuninni.

Sérfræðiréttindi í geðlækningum:

Samkvæmt reglugerð nr. 467/2015 frá 24.apríl 2015 um skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi (sjá viðauka 2) tekur nám til sérfræðiréttinda í geðlækningum minnst 5 ár (eða 60 mánuði). Þeir sem hófu sérnám sitt fyrir gildistöku reglugerðar nr. 467/2015 geta sótt um sérfræðiviðurkenningu að loknum 54 mánuðum í sérnámi í allt að fimm ár frá gildistöku reglugerðarinnar.

Til að öðlast rétt á sérfræðileyfi þurfa eftirfarandi kröfur allar að vera uppfylltar skvt. reglugerð nr. 467/2015 um skilyrði til að hljóta sérfræðileyfi (sjá viðauka 2):

- Embættisprófi í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands þarf að vera lokið svo og starfsnámi (kandídatári) eða sambærilegu námi erlendis lokið
- Almenn lækningaleyfi hér á landi
- Viðurkenndu sérnámi lokið og viðkomandi þarf að hafa tileinkað sér þekkingu, klínísku og verklega færni og aðferðafræði sem krafist er fyrir viðkomandi sérgrein.

Hvatt er til þess að námslæknar í sérnámi í geðlækningum við geðsvið Landspítala afli sér reynslu og þekkingar erlendis, að minnsta kosti hluta námstímans. Ef meginhluti námstímans er hérlendis er farið eftir íslensku marklýsingunni við mat á náminu, ef meginhlutinn fór fram erlendis eru það skilyrðin fyrir sérfræðiviðurkenningu í viðkomandi landi sem gilda.

Þegar námslæknir hefur lokið námstíma sínum á geðsviði Landspítala fær hann viðurkenningarskjal sem staðfestir þátttöku í prógrammi.

Viðauki 1

Loggbók fyrir sérnám í geðlækningum

LOGGBÓK SÉRNÁMS Í GEÐLÆKNINGUM

Nafn námslæknis::	
Kennitala:	

Yfirlit:

- Þjónusta
- Skipulögð fræðsludagskrá
- Handleiðsla
- Námskeið og ráðstefnur
- Færni
- Þátttaka í prófum

Staður:	Dagsetning:
Undirskrift námslæknis:	

Loggbók yfirfarin af almennum handleiðara tvisvar á ári:

	Tímabil	Undirskrift handleiðara
1		
2		
3		
4		
5		
6		
7		
8		
9		
10		

Árlegir matsfundir

	Tímabil	Undirskrift kennslustjóra
1		
2		
3		
4		
5		
6		

1. Þjónusta

<i>Þjónusta:</i>	Móttökudeildir: <i>Geðsvið LSH: 32C, 33C, 32A - SAK: bráðadeild geðdeildar.</i>
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

<i>Þjónusta:</i>	Móttökudeildir: <i>Geðsvið LSH: 32C, 33C, 32A - SAK: bráðadeild geðdeildar.</i>
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

<i>Þjónusta:</i>	Móttökudeildir: <i>Geðsvið LSH: 32C, 33C, 32A - SAK: bráðadeild geðdeildar.</i>
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

<i>Þjónusta:</i>	Móttökudeildir: <i>Geðsvið LSH: 32C, 33C, 32A - SAK: bráðadeild geðdeildar.</i>
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

<i>Þjónusta</i>	Fíknigeðdeild: Geðsvið LSH: 33A
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

<i>Þjónusta</i>	Göngudeild og bráðamóttaka Geðsvið LSH: göngudeild, SAK: göngudeild
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

<i>Þjónusta:</i>	Endurhæfing: legudeildir, samfélagsteymi: Geðsvið LSH: Sérhæfð Endurhæfingargeðdeild, Endurhæfingargeðdeild 7 og 5 daga, Samfélagsgeðteymið, Laugarásinn meðferðargeðdeild
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

Aðrar deildir:

<i>Þjónusta:</i>	
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

Aðrar deildir:

<i>Þjónusta:</i>	
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

Aðrar deildir:

<i>Þjónusta:</i>	
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

Aðrar deildir:

<i>Þjónusta:</i>	
<i>Sjúkrahús, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

<i>Fjöldi mánaða alls:</i>	
<i>Athugasemdir:</i>	

Önnur störf

Rannsóknastörf

<i>Verkefni:</i>	
<i>Stofnun, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða</i>	
<i>Starfshlutfall::</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir</i>	
<i>Handleiðari:</i>	

Störf í öðrum sérgreinum

<i>Þjónusta:</i>	
<i>Stofnun, deild:</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Klínískur handleiðari:</i>	

Annað

<i>Þjónusta, verkefni::</i>	
<i>Stofnun, deild::</i>	
<i>Tímabil og fjöldi mánaða:</i>	
<i>Starfshlutfall:</i>	
<i>Ábyrgur yfirlæknir:</i>	
<i>Handleiðari:</i>	

<i>Fjöldi mánaða alls:</i>	
----------------------------	--

2. Þátttaka í skipulagðri fræðsludagskrá sérnámsins

		Tímabil	Fullnægjandi þátttaka (80%)	Undirskrift kennslustjóra
1	<i>Haustmisseri</i>			
	<i>Vormisseri</i>			
2	<i>Haustmisseri</i>			
	<i>Vormisseri</i>			
3	<i>Haustmisseri</i>			
	<i>Vormisseri</i>			
4	<i>Haustmisseri</i>			
	<i>Vormisseri</i>			
5	<i>Haustmisseri</i>			
	<i>Vormisseri</i>			
6	<i>Haustmisseri</i>			
	<i>Vormisseri</i>			

3. Handleiðsla

Almenn handleiðsla

Að lágmarki 30 tímar á hverju námsári.

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

Klínísk handleiðsla

Að lágmarki 30 tímar á hverju námsári.

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

<i>Handleiðari:</i>	
<i>Tímabil:</i>	
<i>Fjöldi skipta:</i>	

Önnur handleiðsla

<i>Lýsing</i>	
---------------	--

4. Námskeið, ráðstefnur

Námskeið/ráðstefnur	Tímabil

5. Færni

	Staðfest (undirskrift yfirlæknis, handleiðara):
Þekking, uppvinnsla, greining og meðferð helstu geðsjúkdóma	
<i>Geðrofssjúkdómar (uppvinnsla á fyrsta geðrofi, langtímaeftirfylgd, meðferð á geðrofi, geðrof af völdum vímuefna)</i>	
<i>Geðhvörf (greiningarvinna, meðferð á oflæti, þunglyndi)</i>	
<i>Þunglyndissjúkdómar</i>	
<i>Kvíðaraskanir</i>	
<i>Áráttu- og þráhyggjuröskun</i>	
<i>Áfallastreituröskun</i>	
<i>Persónuleikaraskanir (bráð vandamál, langtímaeftirfylgd)</i>	
<i>Átraskanir</i>	
<i>Hugrof og líkømunarraskanir</i>	
<i>Aldraðir:</i>	
<i>- Óráð</i>	
<i>- Vitglöp</i>	
<i>- Aðrar geðraskanir hjá öldruðum (þunglyndi, kvíði, geðrof)</i>	
<i>Geð- og atferlisraskanir af völdum áfengis og annarra vímuefna (þmt. delirium tremens og heilabilun)</i>	
<i>Nevrópsykiatrískar raskanir (ADHD, einhverfa, Tourette, þroskahefting)</i>	

	<i>Staðfest (undirskrift yfirlæknis, handleiðara):</i>
Færni í klínískum verkþáttum	
<i>Bráðaviðtal (hnitmiðuð sögutaka, geðskoðun, viðeigandi greining og úrlausn)</i>	
<i>Áhættumat á bráðamóttöku (sjálfsvígsmat, hætta á ofbeldi)</i>	
<i>Mat á alvarlegum krísum</i>	
<i>Ítarlegt og nákvæmt greiningarviðtal (Ítarlega saga, geðskoðun, samantekt á vandamálum sjúklings út frá líffræðilegum, sálfræðilegum og félagslegum aðstæðum. Greining og meðferðaráætlun)</i>	
<i>Mat á líkamlegu heilsufari</i>	
<i>Ítarlegt mat á sjálfsvígshættu</i>	
<i>Ítarlegt mat á hættu á ofbeldi í tengslum við alvarlegar geðraskanir</i>	
<i>Notkun á helstu greiningarviðtölum og matstækjum í klínískri vinnu</i>	
<i>Notkun á myndgreiningarrannsóknnum, heilalínuriti og taugasálfræðilegum prófum í klínískri vinnu</i>	
<i>Hnitmiðuð miðlun á viðeigandi klínískum upplýsingum til samstarfsaðila</i>	
<i>Leiða fundi með aðstandendum</i>	
<i>Leiða samstarfsfundi með mismunandi aðilum</i>	
<i>Leiða eigið teymi</i>	
	<i>Staðfest (undirskrift yfirlæknis, handleiðara):</i>
Færni í klínískri skráningu	
<i>Ritun sjúkraskrár (Ítarleg sjúkraskrá, innifelur ítarlega sögu, geðskoðun, samantekt, álit og plan)</i>	
<i>Ritun læknaþréfs við útskrift</i>	
<i>Ritun læknisvottorða vegna endurhæfingarlífeyris, örorku</i>	
	<i>Staðfest (undirskrift yfirlæknis, handleiðara):</i>
Færni í klínískri vinnu	
<i>Meðferð á móttökudeild: reglulegt mat og meðferð frá innlagnardegi til útskriftardags</i>	
<i>- Brátt geðrof</i>	
<i>- Oflæti</i>	
<i>- Alvarleg þunglyndislota</i>	

- <i>Persónuleikaröskun</i>	
- <i>Annað:</i>	
<i>Endurhæfing alvarlegra geðsjúkdóma: reglubundið mat og meðferð frá innritun til útskriftardags.</i>	
- <i>geðrofssjúkdómar</i>	
- <i>geðhvörf</i>	
- <i>langvinnt þunglyndi</i>	
- <i>persónuleikaraskanir</i>	
- <i>Annað</i>	
<i>Skammtímaeftirfylgd eftir útskrift af legudeild (lágmark 6 sjúkl.)</i>	
<i>Langtímaeftirfylgd (> 6 mánuðir) alvarlegra geðsjúkdóma (lágmark</i>	
- <i>Geðrofssjúkdómur</i>	
- <i>Geðhvörf</i>	
- <i>Langvinnt þunglyndi</i>	
- <i>Annað:</i>	
<i>Snemmíhlutun í alvarlega geðsjúkdóma</i>	
<i>Ráðgjöf</i>	
- <i>við vefrænar deildir</i>	
- <i>við bráðamóttöku sjúkrahúss (LSH, SAK)</i>	
- <i>við heilsugæsluna</i>	
Þekking á og færni í:	<i>Staðfest (undirskrift yfirlæknis, handleiðara):</i>
<i>Geðlyfjameðferð</i>	
- <i>geðrofslyf</i>	
- <i>jafnvægislyf</i>	
- <i>þunglyndislyf</i>	
- <i>róandi lyf- og svefnlyf</i>	
- <i>önnur lyf:</i>	
<i>Raflækningar</i>	
<i>Stuðningsviðtöl</i>	

6. Þáttaka í prófum á námstíma

PRITE (Psychiatry Resident In-Training-Examination)

	Dagsetning	Niðurstaða	Undirskrift kennslustjóra
1			
2			
3			
4			
5			
6			

Munnleg próf

	Dagsetning	Niðurstaða	Undirskrift kennslustjóra
1			
2			
3			
4			
5			
6			

Viðauki 2

Nr. 467

24. apríl 2015

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um læknakandídata sem sækja um almennt lækningaleyfi skv. 2. gr. og lækna sem sækja um sérfræðileyfi skv. 6. gr. og þá sem hafa almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi landlæknis skv. 2. og 6. gr.

II. KAFLI

Almennt lækningaleyfi.

2. gr.

Starfsheiti.

Rétt til að kalla sig lækni og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur útgefið almennt lækningaleyfi frá landlækni.

3. gr.

Skilyrði fyrir veitingu almenns lækningaleyfis.

Leyfi skv. 2. gr. má veita þeim sem lokið hafa sex ára námi (360 ECTS) sem lýkur með embættisprófi, cand. med. prófi í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands og starfsnámi skv. 4. gr.

Einnig má staðfesta starfsleyfi frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Sviss.

Þá er heimilt að veita starfsleyfi þeim sem lokið hafa sambærilegri menntun skv. 1. mgr. frá menntastofnun í ríki utan EES eða Sviss sem viðurkennd er sem slík af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðisyfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað.

Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi læknis sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, fer samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum, nr. 461/2011, eða samkvæmt samningum sem ríkisstjórnir Norðurlandanna gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda.

Um frekari skilyrði fyrir veitingu almenns lækningaleyfis fer skv. 16. gr.

Um gjaldtöku fyrir veitingu almenns lækningaleyfis fer skv. 18. gr.

4. gr.

Starfsnám til almenns lækningaleyfis.

Starfsnám skal vera tólf mánaða klínískt nám og þannig skipulagt að a.m.k. fjórir mánuðir séu á lyflækningadeild, tveir mánuðir á skurðlækningadeild og/eða bráðadeild og fjórir mánuðir á heilsu-gæslustöð.

Tímalengd starfsnáms miðast við fullt starf (100%). Náms tíminn skal að jafnaði skipulagður sem námsblokkakerfi í eitt ár í senn frá 15. júní ár hvert. Fjarvistir umfram tvær vikur lengja starfsnámið sem því nemur. Heimilt er að veita undanþágu frá reglu um 100% starfshlutfall og heimila starfsnám í hlutastarfi, þó að lágmarki 50% starfi, enda lengist námstími hvers hluta starfsnámsins sem því nemur. Störf sem unnin eru áður en embættisprófi í læknisfræði er lokið eða utan við skipulagðan tíma í starfsnámi reiknast ekki inn í starfsnámið.

Starfsnám skal fara fram á viðurkenndri heilbrigðisstofnun eða viðurkenndri deild heilbrigðis-stofnunar undir handleiðslu og samkvæmt marklýsingu fyrir starfsnám til starfsleyfis, sbr. 15. gr. Starfsnámið fer fram á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga viðkomandi stofnunar.

Heimilt er að stunda starfsnám erlendis enda uppfylli námið skilyrði 1. og 2. mgr. Starfsnámið skal stundað við heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er til slíks starfsnáms af heilbrigðisyfirvöldum í því ríki þar sem starfsnámið er stundað og heilbrigðisyfirvöldum hér á landi.

Tryggja skal að læknakandidat öðlist fullnægjandi starfsþjálfun samkvæmt marklýsingu, sbr. 15. gr. Viðkomandi heilbrigðisstofnun ber ábyrgð á að starfsnámið sé í samræmi við markmið marklýsingar og að læknakandidatinn uppfylli þær kröfur sem þar eru gerðar. Heilbrigðisstofnunin og læknakandidatinn gera með sér samning um starfsnámstíma og innihald starfsnámsins.

Ráðherra skal skipa nefnd til fjögurra ára sem skipuleggur námsblokkir, fjölda þeirra og ráðn-ingarferli fyrir læknakandidata í starfsnámi í samvinnu við þær heilbrigðisstofnanir sem viðurkenndar eru til slíks náms. Nefndin skal skipuð sex fulltrúum með læknismenntun, tveimur frá Land-spítala, einum frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, einum frá heilbrigðisstofnun utan höfuðborgarsvæðisins, einum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og einum frá Félagi almennra lækna. Skipa skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Aðsetur nefndarinnar skal vera á Landspítala sem leggur nefndinni til starfsmann og starfsaðstöðu. Námsblokkirnar skulu auglýstar lausar til umsóknar eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Formaður nefndarinnar staðfestir á grundvelli vottorða frá framkvæmdastjórum lækninga þeirra stofnana þar sem námið fór fram að læknakandidat hafi lokið starfsnámi á fullnægjandi hátt. Ef vafi leikur á um að læknakandidat uppfylli kröfur marklýsingar skal nefndin í samráði við framkvæmda-stjóra lækninga á viðkomandi heilbrigðisstofnun gera viðeigandi ráðstafanir.

5. gr.

Umsagnir.

Áður en leyfi er veitt skv. 2. gr. á grundvelli menntunar utan EES og Sviss skv. 3. mgr. 3. gr. skal landlæknir leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands um það hvort umsækjandi uppfylli skil-yrði 1. mgr. 3. gr. og skilyrði 4. gr. um menntun og starfsnám.

III. KAFLI

Sérfræðileyfi.

6. gr.

Sérfræðileyfi.

Rétt til að kalla sig sérfræðing í sérgrein innan læknisfræði og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

7. gr.

Skilyrði fyrir sérfræðileyfi.

Sérfræðileyfi má veita í sérgreinum læknisfræði skv. 10. gr. Skilyrði er að sérnám umsækjanda sé skilgreint innan þeirrar sérgreinar sem umsókn hans um sérfræðileyfi tekur til.

Til að læknir geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skv. 6. gr. skal hann uppfylla eftirtaldar kröfur:

- a. hafa lokið embættisprófi í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands skv. 3. gr. og starfs-námi skv. 4. gr. eða hafa lokið sambærilegu námi erlendis,
- b. hafa hlotið almennt lækningaleyfi hér á landi skv. 2. gr. og

hafa lokið viðurkenndu sérnámi og tileinkað sér þekkingu, klínísku og verklega færni og aðferðafræði sem krafist er fyrir viðkomandi sérgrein skv. 8. og 9. gr. Umsækjandi um sérfræðileyfi í sérgrein og undirsérgrein innan læknisfræði skal fyrst hafa hlotið sérfræðileyfi í því ríki þar sem sérnámið eða meirihluti sérnáms fór fram og þar sem sérnámi lauk.

Heildarnámstími skal að jafnaði vera að lágmarki fimm ár (60 mánuðir) í aðalgrein og tvö ár í undirgrein, sbr. þó 7. mgr.

Einnig má staðfesta sérfræðileyfi í sérgrein skv. 10. gr., frá ríki innan EES og Sviss.

Þá er heimilt að veita sérfræðileyfi þeim sem lokið hafa sambærilegu sérnámi, sbr. 8. gr., frá menntastofnun í ríki utan EES eða Sviss sem viðurkennt er sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðisyfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað.

Einnig er heimilt að veita sérfræðileyfi þeim sem lokið hafa viðurkenndu sérnámi, sbr. 8. gr., í landi sem gerir sambærilegar kröfur um nám og gerðar eru í reglugerð þessari enda þótt náms-tilhögun sérnáms sé frábrugðin, þar með talið tímaákvæði.

Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi sérmenntaðs læknis sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, fer samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum, nr. 461/2011, eða samkvæmt samningum sem ríkisstjórnir Norðurlandanna gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda.

Um frekari skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis fer skv. 16. gr.

8. gr.

Sérnám í læknisfræði.

Sérnám í læknisfræði skal fela í sér fræðilegt og verklegt nám við háskóla eða heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi eða háskóla eða heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er til slíks sérnáms í því ríki þar sem sérnámið er stundað.

Sérnám í læknisfræði skal uppfylla, hvað varðar innihald og námstíma, kröfur um sérnám sem gerðar eru í því ríki þar sem sérnám er stundað, en við mat á sérnámi frá ríki utan EES og Sviss skal einkum haft til hliðsjónar sérnám í læknisfræði á hinum Norðurlöndunum eða sambærilegt sérnám, svo sem í Bandaríkjunum.

Sérnám sem unnt er að stunda hér á landi skal fara fram á heilbrigðisstofnun eða deild heilbrigðisstofnunar sem hlotið hefur viðurkenningu til slíks sérnáms af nefnd skv. 15. gr. Sérnám sem stundað er hér á landi að öllu leyti eða hluta skal fara fram í samræmi við námsaðferðir og vera í samræmi við marklýsingu, sbr. 15. gr., sem sett hefur verið fyrir sérgreinina.

Í marklýsingu skal meðal annars kveðið á um inntöku í sérnám, innihald, fyrirkomulag og lengd sérnámsins og einstakra námshluta, gæðakröfur, handleiðslu og hæfismat.

Sérnámið skal fara fram á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga heilbrigðisstofnunar sem viðurkennd hefur verið af nefnd skv. 15. gr. og skal framkvæmdastjóri lækninga skipa kennslustjóra með sérfræðileyfi í viðkomandi sérgrein sem umsjónarmann sérnámsins. Læknir í sérnámi og framkvæmdastjóri lækninga skulu gera með sér samning þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur stofnunar og læknis í sérnámi, áætlun um sérnám sem og lengd og fyrirkomulag ætlaðrar sérnámsdvalar. Heimilt er að viðurkenna allt að eins árs vísindavinnu í stað eins árs í aðalgrein, enda sé það í samræmi við marklýsingu og samþykkt af kennslustjóra.

Áunnið sumarleyfi og vaktafri sem tekin eru á sérnámstímanum reiknast sem hluti af heildar-námstíma. Fjarvistir umfram tíu vikur lengja sérnám sem því nemur. Miðað skal við að starfshlutfall í sérnámi sé 100%. Sé starfshlutfall lægra, lengist lágmarksnámstími þannig að heildarnámstími samsvari minnst 60 mánuðum í fullu starfi.

Þeir sem ljúka sérnámi bæði í aðalsérgrein og undirsérgrein á sjö árum geta haft sveigjanlegri tímamörk milli aðalsérgreinar og undirsérgreinar en að framan getur, þó má aðalgrein aldrei taka skemmri tíma en þrjú ár.

Um frekari skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis fer skv. 16. gr.

Um gjaldtöku fyrir veitingu sérfræðileyfis fer skv. 18. gr.

9. gr.

Sérfræðileyfi.

Sérfræðileyfi má veita að loknu viðurkenndu formlegu sérnámi, sbr. 7. og 8. gr.

Til að hljóta sérfræðileyfi í undirsérgrein innan viðkomandi aðalgreinar skal umsækjandi hafa hlotið sérfræðileyfi í viðkomandi aðalgrein og hafa lokið formlegu viðurkenndu sérnámi í undirgreininni. Með undirgrein er átt við frekari sérhæfingu á fræða- og starfssviði sem fellur innan viðkomandi aðalgreinar. Auk tveggja undirsérgreina er hægt að viðurkenna eina viðbótarsérgrein skv. 10. gr.

10. gr.

Sérgreinar.

Sérgrein skal standa á traustum fræðilegum grunni og eiga sér samsvörun á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi.

Sérfræðileyfi má veita í eftirfarandi sérgreinum læknisfræði:

I. Skurðlækningar:

1. Almennar skurðlækningar.

Undirsérgreinar:

- a. Barnaskurðlækningar.
- b. Brjóst- og innkirtlaskurðlækningar.
- c. Efri-meltingarfæraskurðlækningar.
- d. Hjarta- og brjóstholsskurðlækningar.
- e. Lýtaskurðlækningar.
- f. Ristil- og endaparmsskurðlækningar.
- g. Þvagfæraskurðlækningar.
- h. Æðaskurðlækningar.

2. Barnaskurðlækningar.

3. Handaskurðlækningar.

4. Heila- og taugaskurðlækningar.

5. Hjarta- og brjóstholsskurðlækningar.

6. Kviðarholsskurðlækningar.

Undirsérgreinar:

- a. Skurðlækningar efra kviðarhols.
- b. Ristil- og endaparmsskurðlækningar.

7. Lýtaskurðlækningar.

8. Þvagfæraskurðlækningar.

9. Æðaskurðlækningar.

II. Augnlækningar:

Undirsérgreinar:

- a. Augnlýtalækningar.
- b. Augasteinsskurðlækningar.
- c. Barnaaugnlækningar.
- d. Glákulækningar.
- e. Hornhimnulækningar.
- f. Sjónhimnulækningar.
- g. Taugaaugnlækningar.

III. Bæklunarskurðlækningar:

Undirsérgrein:

- a. Handarskurðlækningar.

IV. Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar:

Undirsérgreinar:

- a. Fósturgreining og meðgöngusjúkdómar.
- b. Innkirtlalækningar kvenna.
- c. Krabbameinslækningar kvenna.
- d. Vanfrjósemislækningar.
- e. Þvagfæraskurðlækningar kvenna.

V. Háls-, nef- og eyrnalækningar:

Undirsérgreinar:

- a. Háls-, nef- og eyrnaskurðlækningar.
- b. Heyrnarfræði.
- c. Radd- og talmeinafræði.

- d. Háls-, nef- og eyrnalækningar barna.
- e. Taugaheyrnarfræði.

VI. Svæfinga- og gjörgæslulækningar:

Undirsérgreinar:

- a. Bráðalækningar utan sjúkrahúsa.
- b. Gjörgæslulækningar.
- c. Sérhæfðar verkjalækningar.
- d. Svæfingalækningar við fæðingar.
- e. Svæfinga- og gjörgæslulækningar barna.
- f. Svæfinga- og gjörgæslulækningar við brjósthol- og æðaaðgerðir.

VII. Lyflækningar:

1. Lyflækningar.

Undirsérgreinar:

- a. Blóðlækningar.
- b. Blóð- og krabbameinslækningar.
- c. Fíknilækningar.
- d. Gigtarlækningar.
- e. Gjörgæslulækningar.
- f. Hjartalækningar.
- g. Innkirtlalækningar.
- h. Krabbameinslækningar.
- i. Líknarlækningar.
- j. Lungnalækningar.
- k. Meltingarlækningar.
- l. Nýrnalækningar.
- m. Ofnæmis- og ónæmislækningar.
- n. Smitsjúkdómalækningar.
- o. Öldrunarlækningar.

2. Blóðlækningar.

3. Blóð- og krabbameinslækningar.

4. Gigtarlækningar.

5. Hjartalækningar.

Undirsérgreinar:

- a. Hjartabilun og hjartaígræðsla.
- b. Hjartaþræðingar og innanæðaaðgerðir.
- c. Myndgreining hjarta.
- d. Raflífeðlisfræði hjarta.

6. Innkirtlalækningar.

7. Krabbameinslækningar.

Undirsérgrein:

- a. Geislalækningar krabbameina.

8. Lungnalækningar.

9. Meltingarlækningar.

10. Nýrnalækningar.

11. Ofnæmis- og ónæmislækningar.

12. Smitsjúkdómalækningar.

13. Öldrunarlækningar.

VIII. Atvinnu- og umhverfislækningar.

IX. Barnalækningar:

Undirsérgreinar:

- a. Barna- og unglíngageðlækningar.
- b. Blóð- og krabbameinslækningar barna.
- c. Bráðalækningar barna.
- d. Erfðalækningar barna.
- e. Fötlun barna.
- f. Gigtarlækningar barna.
- g. Gjörgæslulækningar barna.
- h. Hjartalækningar barna.
- i. Hæfing barna.
- j. Innkirtlalækningar barna.
- k. Lungnalækningar barna.
- l. Meltingarlækningar og næring barna.
- m. Nýburarlækningar.
- n. Nýrnalækningar barna.
- o. Ofnæmislækningar barna.
- p. Ofnæmis- og ónæmislækningar barna.
- q. Ónæmislækningar barna.
- r. Smitsjúkdómalækningar barna.
- s. Smitsjúkdóma- og ónæmislækningar barna.
- t. Taugalækningar barna.
- u. Unglingalækningar.

X. Bráðalækningar:

Undirsérgreinar:

- a. Bráðalækningar barna.
- b. Bráðalækningar utan sjúkrahúsa.
- c. Eitrunarfræði.

XI. Endurhæfingarlækningar.

XII. Lýðheilsufræði.

XIII. Geðlækningar:

1. Geðlækningar.

Undirsérgreinar:

- a. Barna- og unglíngageðlækningar.
- b. Fíknigeðlækningar.
- c. Réttargeðlækningar.
- d. Samfélagsgeðlækningar.
- e. Öldrunargeðlækningar.

2. Barna- og unglíngageðlækningar.

XIV. Heimilislækningar:

Undirsérgrein:

- a. Héraðslækningar.

XV. Húðlækningar:

Undirsérgrein:

- a. Húðmeinafræði.

XVI. Lækningarannsóknir:

1. Blóðmeinafræði.

2. Eiturefnafræði.

3. Erfðalækni-fræði.

4. Klínísk lífeðlisfræði.

5. Klínísk lífefnafræði.

6. Klínísk lyfjafræði.

7. Klínísk ónæmisfræði og blóðgjafufræði.

8. Meinefnafræði.

9. Meinafræði.

Undirsérgreinar:

- a. Barnameinafræði.
- b. Blóðmeinafræði.
- c. Frumumeinafræði.
- d. Réttarmeinafræði.
- e. Taugameinafræði.

10. Ónæmisfræði.

11. Réttarmeinafræði.

12. Sýkla- og veirufræði.

13. Sýklafræði.

14. Veirufræði.

XVII. Myndgreining:

Undirsérgreinar:

- a. Myndgreining barna.
- b. Myndgreining ísótópa.
- c. Myndgreining rannsóknarinngripa.
- d. Myndgreining stoðkerfis.
- e. Myndgreining taugakerfis.

XVIII. Taugalækningar:

1. Taugalækningar

Undirsérgreinar:

- a. Bólusjúkdómar miðtaugakerfis.
- b. Flogaveiki.

- c. Heilæðasjúkdómar.
- d. Hreyfitruflanir.
- e. Höfuðverkir.
- f. Klínísk taugalífeðlisfræði.
- g. Endurhæfing taugasjúkdóma.

2. Klínísk taugalífeðlisfræði. XIX. Viðbótarsérgreinar:

1. **Heilbrigðisstjórnun:** Heimilt er að veita lækni, sem hlotið hefur sérfræðileyfi í einni sér-grein, viðbótarsérgrein í heilbrigðisstjórnun. Til að öðlast slíka viðurkenningu skal viðkom-andi hafa lokið 90 ECTS-eininga viðbótarnámi í heilbrigðisstjórnun og sex mánaða vinnu á stofnun eða deild er fæst við stjórnun heilbrigðismála sem viðurkennd er af mats- og hæfis-nefnd skv. 15. gr.
2. **Lýðheilsufræði:** Heimilt er að veita lækni, sem hlotið hefur sérfræðileyfi í einni sérgrein, viðbótarsérgrein í lýðheilsufræðum. Til að öðlast slíka viðurkenningu skal viðkomandi hafa lokið 90 ECTS-eininga viðbótarnámi í lýðheilsufræðum og sex mánaða vinnu við lýðheilsu-fræði sem viðurkennd er af mats- og hæfisnefnd skv. 15. gr.
3. **Öldrunarlækningar:** Heimilt er að veita lækni, sem hlotið hefur sérfræðileyfi í heimilis-lækningum, viðbótarsérgrein í öldrunarlækningum. Til að öðlast slíka viðurkenningu skal viðkomandi hafa lokið tveggja ára viðurkenndu viðbótarnámi í öldrunarlækningum.

Ráðherra getur ákveðið að fella undir reglugerð þessa nýja sérgrein og undirsérgrein á sérsviði læknisfræði, að fengnum tillögum landlæknis, enda standi viðkomandi sérgrein á traustum fræði-legum grunni og eigi sér samsvörun á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi. Landlæknir skal afla faglegs rökstuðnings og umsagnar hjá mats- og hæfisnefnd skv. 15. gr. og Læknafélagi Íslands.

Nú hefur læknir, sem starfar hér á landi, lokið markvissri þjálfun á sviði undirsérgreinar sem ekki er formlega viðurkennd í námslandi en er viðurkennd hér á landi, og er þá landlækni heimilt að veita sérfræðileyfi í undirsérgreininni, að fenginni umsögn skv. 11. gr., enda sé þjálfunin sambæri-leg, að lágmarki tvö ár og aldrei skemmri en í þeim löndum sem veita slíka viðurkenningu.

11. gr.

Umsókn um sérfræðileyfi og umsagnir.

Umsókn um sérfræðileyfi í sérgrein læknisfræði skv. 10. gr. ásamt gögnum sem staðfesta faglega menntun, starfsreynslu og hæfi, svo og önnur fylgiskjöl sem landlæknir telur nauðsynleg, skal senda til landlæknis.

Áður en sérfræðileyfi er veitt skv. 6. gr. skal landlæknir leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands um hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um nám skv. 7. og 8. gr.

Landlækni er heimilt að skipa sérstaka mats- og umsagnarnefnd til að meta umsóknir um sér-fræðileyfi.

Landlækni er heimilt að leita umsagnar annarra aðila eftir þörfum.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur.

12. gr.

Faglegar kröfur og ábyrgð.

Læknir skal sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við þær faglegu kröfur sem gerðar eru til lækna á hverjum tíma.

Lækni ber að þekkja skyldur sínar og siðareglur lækna, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

Læknir skal kynna sér lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðis-þjónustu svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á.

Læknir ber ábyrgð á þeirri læknisfræðilegu greiningu og meðferð sem hann veitir.

Læknir skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt og mögulegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta veitt sjúklingnum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

13. gr.

Upplýsingaskylda og skráning.

Um upplýsingaskyldu læknis gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúk-linga, nr. 74/1997.

Um skyldu læknis til að veita landlækni upplýsingar, meðal annars vegna eftirlits með heil-brigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu og til gerðar heilbrigðisskýrslna, fer samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Læknir sem veitir sjúklingi meðferð skal færa sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum laga um sjúkra-skrár, nr. 55/2009, og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

14. gr.

Trúnaður og þagnarskylda.

Um trúnað og þagnarskyldu lækna fer skv. 17. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Mats- og hæfisnefnd um starfsnám til að öðlast almennt lækningaleyfi og um sérnám í lækni-sfræði.

Ráðherra skipar mats- og hæfisnefnd þriggja sérfræðilækna til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu lækna-deildar Háskóla Íslands og einn samkvæmt tilnefningu landlæknis. Skipa skal með sama hætti jafnmarga nefndarmenn til vara. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Nefndin skal kalla til eftir þörfum sérfræðinga innan sérsviða lækni-sfræði.

Nefndin skal meta hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viður-kenningu sem kennslustofnun fyrir starfsnám til lækningaleyfis skv. 4. gr. og til að annast sérnám skv. 7. og 8. gr.

Nefndin skal meta og staðfesta marklýsingar fyrir starfsnám til starfsleyfis skv. 4. gr. og sam-þykkja marklýsingu einstaka sérnámsbrauta fyrir formlegt sérnám skv. 7. og 8. gr., sbr. 10. gr., að fengnum umsögnum sérgreinafélaga, heilbrigðisstofnana/kennslustofnana, forstöðumanna fræða-sviða við Háskóla Íslands og embættis landlæknis.

Í marklýsingum skal meðal annars kveðið á um skipulag og inntöku í sérnám, innihald, fyrir-komulag og lengd sérnámsins og einstakra námshluta, gæðakröfur, handleiðslu og hæfismat. Við gerð marklýsinga skal leita alþjóðlegrar ráðgjafar eftir því sem þurfa þykir.

Skipulagi sérnáms skal þannig háttáð að alþjóðlegum gæðaviðmiðum sé mætt.

Nefndin setur sér starfsreglur sem staðfestar skulu af ráðherra. Í þeim skal meðal annars kveðið á um þau viðmið sem hafa skal til hliðsjónar við mat stofnana og hvernig samráði skuli háttáð við stofnanir sem metnar eru hverju sinni.

Aðsetur nefndarinnar skal vera á Landspítala sem leggur nefndinni til starfsaðstöðu og starfs-mann sem heldur fundargerðir, fylgir málum eftir og heldur utan um starfsemi nefndarinnar milli funda.

Nefndin skal senda ráðherra marklýsingar og yfirlit yfir þær heilbrigðisstofnanir og deildir heil-brigðisstofnana sem nefndin viðurkennir til að veita starfsnám og sérnám á hverjum tíma.

Yfirlit yfir viðurkenndar heilbrigðisstofnanir svo og marklýsingar fyrir starfsnám og marklýs-ingar sérnámsbrauta fyrir formlegt sérnám skal birta á heimasíðu embættis landlæknis.

Heilbrigðisstofnun skal tilkynna nefndinni um allar breytingar á starfsemi sem og á mönnun sem haft getur áhrif á hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viður-kenningu sem kennslustofnun fyrir starfsnám til lækningaleyfis skv. 4. gr. og til að annast sérnám skv. 7. og 8. gr.

Nefndin skal endurskoða mat sitt á heilbrigðisstofnunum og marklýsingum á fjögurra ára fresti eða oftár ef tilefni er til.

16. gr.

Frekari skilyrði fyrir veitingu almenns lækningaleyfis og sérfræðileyfis.

Umsækjandi um almennt lækningaleyfi skv. 2. gr. og sérfræðileyfi í læknisfræði skv. 6. gr., sem er ríkisborgari frá ríki utan EES og Sviss sem Ísland hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi skal leggja fram meðal annars gögn um ríkisfang, innihald náms og náms-lengd, ásamt prófskírteini, starfsleyfi ef starfsgreinin er löggilt í því landi sem umsækjandi kemur frá, fyrirhuguð störf hér á landi svo og önnur gögn og vottorð sem landlæknir telur nauðsynleg vegna útgáfu leyfis.

Áður en umsókn skv. 1. mgr. um almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi er tekin til efnislegrar meðferðar þarf eftir atvikum að liggja fyrir staðfest afrit umsóknar um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt undirrituðum ráðningarsamningi.

Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi skv. 1. mgr. búi yfir kunnáttu í íslensku og hafi þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf svo og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru nauðsynleg til að geta starfað sem læknir eða sérmenntaður læknir, einkum vegna öryggis og sam-skipta við sjúklinga.

Hafi að mati landlæknis ekki verið sýnt fram á að nám umsækjanda skv. 1. mgr. uppfylli kröfur skv. 3., 4. og 7.–9. gr. er landlækni heimilt að krefjast þess að umsækjandi gangist undir reynslutíma og/eða próf sem sýni fram á að hann búi yfir þeirri faglegu þekkingu og hæfni sem krafist er af lækni og sérmenntuðum lækni til að starfa hér á landi. Viðkomandi menntastofnun skal skipuleggja reynslutíma og/eða próf fyrir umsækjanda í samráði við landlækni.

Almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi er gefið út eftir komu umsækjanda skv. 1. mgr. til starfa hér á landi.

17. gr.

Heimild til að synja umsókn um almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi.

Landlækni er heimilt að synja lækni um almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi þótt hann uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar telji landlæknir að námið hafi ekki verið nægilega samfelld eða að óeðlilega langur tími hafi liðið frá því að umsækjandi lauk samfelldu námi eða sérnámi og þar til umsókn barst.

18. gr.

Gjaldtaka.

Landlækni er heimilt að innheimta sérstakt gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur til viðbótar gjaldi skv. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, fyrir hvers konar afgreiðslu og meðhöndlun á umsóknum um almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, þar á meðal fyrir þýðingu gagna, mat umsagnaraðila á umsókn heilbrigðisstarfsmanns, yfirferð og mat gagna og aðra umsýslu vegna umsókna um starfsleyfi eða sérfræðileyfi skv. 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, og skv. 3. mgr. 8. gr. laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, sbr. 34. gr. reglugerðar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðis-starfsmanna frá öðrum EES-ríkjum, nr. 461/2011.

19. gr.

Almenn ákvæði.

Ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli gilda eftir því sem við á um lækna og sérmenntaða lækna.

20. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5., 8., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi, nr. 1222/2012.

Ákvæði til bráðabirgða.

Námsblokkir skv. 4. gr. taka ekki til þeirra sem hefja starfsnám til almenns lækningaleyfis á árinu 2015. Um starfsnám þeirra fer samkvæmt reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi, nr. 1222/2012.

Lækni sem fengið hefur almennt lækningaleyfi og hafið skipulagt sérnám fyrir gildistöku reglugerðar þessarar er heimilt að sækja um sérfræðileyfi á grundvelli eldri reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi, nr. 1222/2012, í fimm ár frá gildistöku reglugerðar þessarar. Þeir sem hefja sérnám eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu haga sérnámi samkvæmt ákvæðum hennar.

Velferðarráðuneytinu, 24. apríl 2015.
Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.
Vilborg Ingólfssdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2015